

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Merkilandstún, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss, frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að hluti íbúðarsvæðis við Merkilandstún verður opið svæði til sérstakra nota, hesthúsasvæði, jafnframt fellur út svæði A2, bílastæði fyrir stóra bíla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Selfoss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.